# PÉSI

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í **nóv.**Efni þarf að berast í síðasta lagi **4. nóv 2021**

BÓKASAFN

## Frá Bókasafni Hrunamanna

BÓKASAFN

Opið:
Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 11-13



**Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Um að gera að kíkja á bókasafnið – lestur er bestur.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: http://bokasafn.fludir.is/
Bókasafnið er líka á facebook

Gegnir

leitir.is

## Sundlaugin á Flúðum.

## Vetraropnun:



**Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30**
**Fimmtudaga: LOKAÐ**
**Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00**






okt 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
364 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Októbermánuður er runninn upp og komið haust með sínum kostum og göllum en eflaust eru einhverjir fegnir að rigningarverðurfarið hefur aðeins látið undan síga. Get trúað að það sé langþráð hjá garðyrkubændum í útirækt og þeim sem slá allra seinasta slátt og kornbændum. Við erum síðan minnt á með nýjustu fréttum að norðan og austan að það getur verið allra veðra von með tilheyrandi afleiðingum.
Ekki eru Covid áhrifin alfarið búin að yfirgefa ykkur þó sem betur fer hafi síðasta smithrina sloppið að mestu fyrir horn þó slíkt valdi allaf þeim sem í þeim lenda vandræðum. Það tókst að halda réttir en því miður með fjöldatakmörkunum og mikið verður gaman þegar við getum glaðst saman á réttardaginn með gestum okkar. Vil ég hvetja fólk, þó allir séu orðnir leiðir á ástandinu, að huga að persónulegum sóttvörnum og muna að þetta er ekki alveg búið.
Enn og aftur er vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára komin af stað og reynt að rýna í kristalkúluna. Í kjölfar fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna er ljóst að rekstur sveitarfélaganna er þungur og fer síst batnandi. Það þarf samt að tækla verkefnið og eins og venjulega fer mesta púðrið í pælingar vegna ársins 2022 en síðan þarf að horfa til framtíðar og hvað svigrúm við höfum til framkvæmda og fjárfestingar. Eins og kunnugt er þá fer stærsti hluti fjármagns sveitarfélagins til fastra verkefna en svo er spurning hvað potturinn er stór.
Síðan þarf að taka ákvarðanir um gjaldskrármál sem er alltaf verðugt verkefni. Að ýmsu þarf að huga en stærst vega þar þættir sem snerta mögulegar verðlags- og launahækkanir. Mikilvægt er að sveitarfélögin gæti hófs í þeim efnum og verður örugglega reynt að sigla þann sjó eins og hægt er. Hins vegar er eðlilega óvissa um ýmsa þætti og vegur þar hæst áhrif kjarasamninga og óvissa um hvað tekur við þegar samningar hjá sumum stéttarfélögum rennur út um áramótin.
Eins og alltaf þarf að skoða alla þætti í rekstri sveitarfélagsins og hvernig við getum náð árangri og kannski þurfum við að hugsa einhverja hluti upp á nýtt. Það verða klárlega breytingar í úrgangsmálunum en núna er búið að skrifa undir fjögurra ára verksamning við Terru um sorphirðu og móttöku á úrgangi. Við fyrstu sýn er sorphirðan á pari við það sem búast má við en það á við um okkur eins og aðra að það er alltaf að verða kostnaðarsamara að losna við úrganginn. Sýnist mér að gjaldskrá sporphirðu ætti að geta sætt eðlilegum verðlagshækkunum en því miður held ég að óhjákvæmilegt sé að hækka gjaldskrá sorpeyðingar töluvert meira.

Varðandi breytingar á sorphirðu þá höfum við verið að vinna með Terru að innleiðingunni og gott að taka sér tíma til þess. Við getum haldið þriggja tunnu kerfinu gangandi áfram með þeim og eins og staðan er núna þá finnst mér líklegt að við innleiðum ekki breytingar á kerfinu fyrr en á næsta ári. Terra þarf síðan að vera í sambandi við bændur varðandi hirðingu á rúlluplasti og síðan er verið að kortleggja með Terru stöðu og stærð íláta hjá aðilum sem verið er að hirða úrgang hjá. Það er verið að vinna að því að fyrirtæki sjái um sig sem mest sjálf og semji beint við hirðuaðila en með því fá þau betri yfirsýn yfir raunverulegan kostnað og við getum slakað á móti á innheimtu aukasorpgjalda. Það hefur verið gefið út sorphirðudagatal til áramóta og síðan þarf við innleiðingu fjögurra tunna kerfi að að hafa öfluga kynningarstarfssemi fyrir sem flesta hagaðila.
Framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins eru alltaf að taka á sig meiri mynd en núna er búið að malbika götur niður í Gröf og hluta Hvammsvegar. Þá eru verið að helluleggja og koma umhverfinu í kringum félagsheimilið í stand og veit ég að það verður mikill sómi af því þegar það er búið. Það verður krefjandi að klára alla hluti fyrir veturinn en vonandi fáum við gott haust. Þetta allt saman reynir síðan verulega á budduna og því miður liggjum við ekki á digrum sjóðum þannig að við verðum eflaust að fjármagna þetta með lántökum en vonandi verður þetta góð fjárfesting til framtíðar.
Sveitarstjórn hefur ákveðið að ganga til samningaviðræðna við kauptilboðshafa í hlut sveitarfélagsins í Hverahólmanum og þarf að huga að ýmsu í því sambandi. Þetta svæði hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið og frábærlega hefur verið staðið að uppbyggingu Gömlu laugarinnar. Nú er að sjá hvort ekki sé hægt að taka næstu skref í sambandi við fyrirkomulag á eignarhaldi og öðrum atriðum sem þyrfti að skoða í því sambandi og nábýlisáhrif.
Nú eru Alþingiskosningar yfirstaðnar og verður spennandi að sjá hvernig mál þróast með ríkisstjórnarmyndun o.fl. Það er vonandi að það gerist fyrr en seinna því það eru mörg mál sem þarf að ræða milli sveitarfélaganna og ríkisins því eitt er víst að verkefnin hverfa ekki frá okkur.
Sveitarfélagið hefur ákveðið að árshátíð starfsfólks sveitarfélagsins verði með þeim hætti að boðið verður upp á jólahlaðborð og haldið í humátt að Geysi. Starfs- og nefndarfólki sveitarfélagsins verður seint ofþakkað fyrir sín störf í þágu samfélagsins sem stundum eru unnin af mismiklu þakklæti og eða fjárhagslegu endurgjaldi. Verður þetta vonandi góður endapunktur á krefjandi umhverfi í kjölfar Covidvitsins.
Nú hafa Hrunamenn hafið vertíðina í 1. deildinni í körfubolta og vil ég að lokum hvetja fólk til að mæta á heimaleiki liðsins því þetta framtak er flaggskip góðs íþróttastarfs í sveitarfélaginu og góður vettvangur til að hitta mann og annan og fá útrás til að öskra úr sér lungun !!!
Höfum það gott saman.
Jón G. Valgeirsson Sveitarstjóri

# Litla Melabúðin heitir nú

# Litla Bændabúðin

## Rekstur búðarinnar helst óbreyttur

## Opið 12-17

## Þriðjudaga - Sunnudaga

## Lokað  Mánudaga

## LYFJA SELFOSSI

# ÚTIBÚ LAUGARÁSI

## BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

## OPIÐ

**10-16 mán - fim**

**Lokað fös - sun**

LYFJA

## NUDD - BOWEN - MASSAGE

**Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.**

**Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.**



**Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.**

**- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -**

**Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com - facebook.com/NG ehf**

Nú er loksins komið að hinum sívinsælu kótilettukvöldum.
Hámark 30 gestir á kvöldi og við bætum við kvöldum ef þarf.

22., 23., 30. og 30. október.

Hlaðborð kl. 19:00 – 21:00

Gamaldags kótilettur í raspi með soðnum kartöflum,
grænum baunum, rauðkáli og rabbarbarasultu.

Verð 3.500 kr.

Borðapantanir í síma 774 7440

VIÐ FAXA
RESTAURANT

Þú vilt ekki missa af þessu!



# Flokkunarhornið.

**Áminning!**

**Nokkuð hefur borið á að þegar plasti og eða pappa er skilað til endurvinnslu að óhreinindi séu með. Þegar þannig gerist fer allt í grófan úrgang með tilheyrandi kostnaði við förgun.**

**Plast/pappaílát s.s skyrdósir,fernur o.sfrv, á að skola, þannig að ekki séu til staðar matarleifar þegar þeim er komið á sinn stað.**









HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási.**

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15 alla virka daga.**
**Tímapantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir .**

**Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is**


# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035


## Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.
Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355


KRANAÞJÓNUSTA
B. R. SVERRISSON EHF.
Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com
72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli


Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík
Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.
Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.
Nesfrakt
Hafðu samband
Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626
Nesfrakt

# Íþróttahús: vetur 2021-2022

| Mánudagur | | Þriðjudagur | | Miðvikudagur | | Fimmtudagur | | Föstudagur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SALUR 1 | SALUR 2 | SALUR 1 | SALUR 2 | SALUR 1 | SALUR 2 | SALUR 1 | SALUR 2 | SALUR 1 | SALUR 2 |
| | | | | | | | | 12:30-13:30 Íþróttaskóli 1&2.b | |
| 14:00-15:00 Eldri borg | 14:10-15:10 Mb. 3-6.b | | | | | 14:00-15:00 Tími eldri borgara | | 13:30-15:00 7.-10. fl. | |
| | | 15:00-16:00 7.-8. flokkur | | 15:00-16:00 Íþróttaskóli 1. & 2. b | | 15:10-16:10 Minnibolti 3.-6. b. | | | |
| 16:10-17:10 Frjálsar: 1.-5 | 16:10-17:10 Fjölsktími | | 16:10-17:30 Mb. 3-6.b | 16:10-17:30 Frjálsar 6.-10. b. | | 16:10-17:20 7.-8. flokkur | | 16:00-17:30 Fjölskyldutími | |
| 17:10-18:30 Frjálsar 6.-10. b. | | 17:30-19:00 9.-10. flokkur | | 17:30-19:00 7.-10. flokkur | | 17:20-18:30 9.-10. flokkur | | 17:30-19:00 M.fl KK | |
| 19:00-20:30 M.fl KK | | 19:00-20:30 Blak KVK | 19:00-20:30 Blak KK | 19:00-20:30 M.fl KK | | 18:30-20:00 M.fl KK | 18:30-20:00 Blak KVK | | |
| 20:30-21:30 Öldb.Karfa | 20:30-21:30 | 20:30-22:00 Drengjafl & meistara | | 20:30-21:30 Karfa konur | 20:30-22:00 Öldb. Karfa | 20:00-21:30 Blak KK | 20:00-21:30 Öldb. fótbolt | | |
| | | | | | | | | | |

# Tækjasalur: opið um helgar ef það er leikur í íþróttahúsi, fylgist með á fésbókarhópi íþróttahúsins: "Íþróttahúsið Flúðum"

Vetur 2021-2022

| Kl. | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 13:00 Salur opnar / Frjálsar |
| | | | | | 14:00 |
| | | | | | 15:00 |
| 16:00 | Salur opnar | Salur opnar | Salur opnar | Salur opnar | |
| 17:00 | | | 9.-10. fl. | | Lokar 18:00 |
| 18:00 | | | M.fl KK | | |
| 19:00 | | | | | |
| 20:00 | | | | | |
| 21:00 | Lokar 21:30 | Lokar 21:30 | Lokar 21:30 | Lokar 21:30 | |

Fréttatilkynning

Söngsveitin Tvennir tímar, er blandaður kór eldra fólks í uppsveitum Árnessýslu. Söngstjóri er Stefán Þorleifsson, Stefán er listamaður og gleðigjafi og yngir okkur upp sem tökum þátt.
Æfingar eru einu sinni í viku, á miðvikudögum kl.13.00-14.30 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Við í Tvennum tímum viljum hvetja alla sem hafa yndi af söng að koma með og taka þátt í góðum félagsskap.



Frekari upplýsingar hjá Magnúsi Sig. sími 8623674



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

# Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is

RJR

Rafmagnsverkstæði
Jens og Róberts

Tökum að okkur:
alla almenna
rafvirkjaþjónustu

Sjáum um teikningu
og hönnun
raflagna

Smærri jafnt sem
stærri verkefni.

sart

Jens Pétur Jóhannsson
893-7101
rafjens@eyjar.is

Róbert Einar Jensson
899-9554
robbiraf@simnet.is

SKsmiður

Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði,viðhald og viðgerðir
Slavik Flúðum sími: 888-1975/865-7499

**Bílaverkstæði**



JB
VIÐGERÐIR
865-5678

Opið frá kl: 08:00-17:00

**Grænna land ehf.**

Hellulagnir
Áburðargjöf
Beðahreinsun
Garðsláttur
Garðaúðun
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáplöntusala



*Erla Björg Arnardóttir*
*Garðyrkjufræðingur*
*Sími: 858-3399*
*graennaland@simnet.is*

Fimmtudaginn 21. október kl. 14 – 16 verður opið hús í félagsheimilinu hjá Félagi eldri Hrunamanna.
Edda V. Guðmundsdóttir, Anna Ipsen og Guðrún Sveinsdóttir halda utanum dagskrána.
Kaffi veitingar.
Sjáumst sem flest.

***********************

Einnig byrjar bókmenntaklúbburinn aftur fimmtudaginn 21. október kl. 11 – 12 í kjallaranum. Edda V. Guðmundsdóttir leiðir hópinn.

****************************************


Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.
Vinsamlegast pantið tíma í síma
845-9816 Halyna.



**Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a**

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímapantanir í s: 8676580




**ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?**

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Frá undirskrift þjónustusamnings við Terru.




Frá gámasvæðinu á Flúðum

Malbikunarramkvæmdir við Birkihlíð og Hvammsveg





Réttarstörf í Hrunaréttum 2021







Í tilefni þess að nú mun verkefnið Heilsueflandi samfélag í Hrunamannahrepp vinna með þemað: Geðrækt, andleg líðan og félagsleg virkni, viljum við vekja athygli á Alþjóðlega Geðheilbrigðisdeginum sem er haldinn 10. Október ár hvert. Kórónaveiran hefur haft mikil áhrif á líf fólks og við höfum lært margt nýtt, sumt gott en annað ekki eins jákvætt. Spurningin er hvernig við vinnum úr þeim áhrifum sem Covid 19 hefur haft á okkar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilsu. Í vetur munum við vera með ýmislegt tengt þessu, bæði í formi viðburða og fræðsluefnis á upplýsingamiðlum sveitarfélagsins. Kannast þú við Geðorðin 10?






## Hjónaball 2022.

Hjónaball Hrunamanna verður haldið 5.mars 2022, endilega takið daginn frá.

Hjónaballsnefndin.





# 2021 Hrunamannahreppur

**September**

| Sun | Mán | Þrið | Miðv | Fimmt | Föst | Laug |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

**Október**

| Sun | Mán | Þrið | Miðv | Fimmt | Föst | Laug |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

**Nóvember**

| Sun | Mán | Þrið | Miðv | Fimmt | Föst | Laug |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | 30 | | | | |

**Desember**

| Sun | Mán | Þrið | Miðv | Fimmt | Föst | Laug |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | 1 |

Grátunna og lífrænt allur Neðri Hrunamannahreppur

Grátunna og lífrænt Efri Hrunamannahreppur

Blátunna allt svæðið

Rúllurplast